

Skýrsla Þórssvæðis 2009 - 2010

Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson og aðrir embættismenn Kiwanis og góðir félagar.

Í svæðisstjórn Þórssvæðis starfsárið 2009-2010 voru eftirtaldir:

Jón Eiríksson, Geysi svæðisstjóri

Ingólfur Friðgeirsson, Heklu Kjörsvæðisstjóri

Hörður Mar, Elliða ritari.

Fyrir svæðisstjóri Eiríkur Ingvarsson, Tórshavn.

Þessum félögum vil ég byrja á að þakka mjög gott samstarf á árinu.

Starfsárið hófst með hefðbundnum stjórnarskiptum sem gengu vel fyrir sig en þó komst ég ekki til að skipta um stjórn í Esju þar sem ég var veðurteptur á Ísafirði þangað hafði ég farið til stjórnarskipta. Kjörsvæðisstjóri leysti mig af og hafi hann þakkar fyrir. Stjórnarskiptatörnin endaði í Færeyjum en nokkuð hafði verið á reyki með hvenær þau ættu að vera en á endanum voru þau í lok október þann 24. Notaði ég tækifærið til að funda með klúbbunum í Færeyjum um hugsanlegar breytingar á svæðaskiptingu kosti og galla hennar. Vil ég þakka kjörumdæmisstjóra Geir Guðmundssyni aðstoðina við stjórnarskiptin og einnig fundin með klúbbunum.

Svæðisráðsfundur var svo haldinn þann 14. nóvember í Kiwanishúsinu og var þokkalega mætt til fundar. Á fundinum var rætt um breytt fundarform á svæðisráðsfundum og einnig breytt svæðaskipting. Það kom mér nokkuð á óvart hvað fundarmenn voru jákvæðir fyrir breyttri svæðaskiptingu en þó sýndist sitt hverjum.

Í janúar mánuði heimsótti ég alla klúbbana á höfuðborgarsvæðinu og var það liður í undirbúningi fyrir svæðisráðsfund sem vera átti þann 30. janúar. Helsta umræðuefnið var fyrirliggjandi tillaga um breytta svæðaskipting. Höfðu klúbbarnir mjög ólíka afstöðu til hennar. Þetta varð til þess að svæðisstjórnin lagði fram nýja tillögu á umdæmisstjórnarfundi þann 23. janúar sem svo var kynnt og rædd á svæðisráðsfundi sem haldinn var viku seinna þann 30. janúar.

Eins og áður sagði var haldinn svæðisráðsfundur í Mosfellsbæ í húsi Geysis. Á þennan fund fengum við fulltrúa fræðslunefndar og voru þeir með fræðslu um Kiwanis. Einnig var rædd tillaga svæðisstjórnar varðandi breytingu á svæðaskipting. Voru flestir sáttari með okkar tillögu heldur en þá sem hafði komið fram áður.

Skýrsluskil frá klúbbunum hafa verið mjög góð og sýna að starf flestra klúbbana er öflugt en því miður er svo ekki um alla klúbbana í Þórssvæði. Ekki hefur fjölgað í svæðinu þrátt fyrir að Básar hafi tekið inn 2 nýja félagar. Rósan hefur tekið inn 5 nýja félagar og Tórshavn 3. Jafn margir hafa hætt eða fallið frá, þannig að fjöldin stendur í stað.

Mæting félaga í svæðinu er 81% miðað við skýrslur en alls eru 18 félagar með leyfi frá mætingu misjafnt eftir klúbbum allt frá engum uppí 10 oftast eru þetta 1 til 2. Þetta segir okkur ákveðin hlut, klúbbarnir eru að eldast. Því hærri sem meðalaldurinn er því fleiri með leyfi frá mætingu.

Fjáraflanir hafa verið með hefðbundnu sniði en athygli vekur að Rósan og Eysturoy hafa lang mestar tekjur af sinni fjáröflun en þeir seldu jólatré fyrir síðustu jól. Þá er óhætt að segja það að gróska hefur verið í starfi Tórshavn og Rósan og er það first og

fremst að þakka stórbættri aðstöðu þeirra með nýja Kiwanishúsinu í Þórshöfn. Húsið hefur orðið þeim mikil lyftistöng.

Fámennustu klúbbarnir í Þórssvæði hér á höfuðborgarsvæðinu Geysir og Esja hafa átt mjög gott samstarf í vetur og ég veit að þeir hafa hug á því að auka það enn frekar. Við verðum að leita allra leiða til að efla starf klúbbana og ef samstarf og eða sameining klúbba er leið að því marki því ekki að skoða það af fullri alvöru. Að hika er sama og tapa.

Það er mín skoðun að ef það á að verða fjölgun í klúbbunum þá þurfi þeir að leggja meiri áherslu á að kynna sig. Nýta fjölmiðla svo sem bæjarmálablöð héraðsfréttablöð og þ.h. Ef engin veit af klúbbnum eða hvað hann er að gera í bæjarfélaginu þá verður engin fjölgun í honum. Þetta þurfa ekki að vera annað en smáfréttir úr starfinu. Sama hversu lítið það er allt hjálpar til við að vekja áhuga einhverra á starfi klúbbsins.

Klúbbarnir þurfa að nýta internetið mun meira og betur heldur en þeir eru að gera í dag. Það eru ekki margir klúbbarnir sem nýta sér t.d. Facebook sem er öflugasti samskiptavefur í heiminum. Þetta er tilvalinn vettvangur fyrir klúbbana. Það þýðir ekkert að horfa í hina áttina eins og ekkert hafi breyst sl. 20 ár eða svo. Ef við gerum það þá deyjum við út málið er svo einfalt. Það þarf massívan áróður fyrir starfi okkar á öllum vígstöðvum í blöðum, á netinu og maður á mann.

Ég vil þakka umdæmisstjóra og umdæmisstjórn fyrir samstarfið og vonandi get ég orðið að einhverju liði áfram þó svo ég hverfi úr svæðisstjórarstarfinu. Þá vil ég þakka klúbbunum fyrir samstarfið og móttökur í heimsóknnum sem því miður urðu allt of fáar en ástæður þess ætla ég ekki að rekja hér.

Að lokum vil ég óska Ingólfi Friðgeirssyni og hans stjórn farsældar í starfi.